

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 11. júlí 2023 í máli nr. 86/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 3. október 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína og krefst þess að úrskurðað verði um hæfilegt tímagjald og sanngjarna þóknun til varnaraðila fyrir verkið.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 10. október 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boðið ítrekað með ábyrgðarpósti 8. nóvember 2022 sem mótttekið var af hálfu varnaraðila 11. sama mánaðar. Andsvör bárust ekki frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, reikningar varnaraðila, staðfestingar á innborgunum sóknaraðila, yfirlit yfir byggingarsögu fasteignar sóknaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila, afrit af skriflegum samskiptum sóknaraðila við [...] og tilboð [...], dags. 2. maí 2023.

Með bréfi, dags. 28. júní 2023, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls óskaði sóknaraðili eftir þjónustu varnaraðila við að gera teikningar af viðbyggingu við fasteign sóknaraðila að [...] svo unnt væri að sækja um byggingarleyfi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Hafði sóknaraðili fyrst samband við varnaraðila haustið 2019 en sóknaraðili hugðist hefja framkvæmdir síðar það ár eða á árinu 2020. Að sögn sóknaraðila dróst hið umsamda verk verulega, m.a. vegna ítrekaðra athugasemda [...] við ófullnægjandi teikningar varnaraðila. Hafi byggingarleyfi vegna viðbyggingarinnar fengist í apríl 2021 og framkvæmdir því hafist í beinu framhaldi. Síðar hafi verið þörf á breytingum á teikningum glugga og hurða en sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi skilað inn teikningum af framangreindu án nokkurs samráðs við sóknaraðila varðandi endanlegt útlit þeirra.

Ágreiningur aðila varðar endurgjald fyrir þjónustu varnaraðila, bæði tímagjald og tímafjöldu sem varnaraðili krefur sóknaraðila um greiðslu á. Samkvæmt framlögðum reikningum krefst varnaraðili greiðslu fyrir alls 82 tíma á tímagjaldinu 17.000 krónur auk virðisaukaskatts. Þá krefst varnaraðili greiðslu vegna ljósrita og skönnunar, skráningartöflu og hönnunarstjórnar. Upphaflega nam krafa varnaraðila á hendur sóknaraðila alls 1.856.497 krónum en varnaraðili lækkaði kröfu sína þann 12. október 2022 í 1.564.328 krónur. Hefur sóknaraðili þegar greitt

varnaraðila 460.000 krónur í tveimur millifærslum. Sóknaraðili telur umsamið verk hafa verið einfalt og að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi ekki veitt honum neinar upplýsingar um kostnað vegna verksins þrátt fyrir ítrekaðar óskir sínar þess efnis, hvorki um tímagjald varnaraðila né áætlaða heildarfjárhæð. Sóknaraðili telur hið umsamda verk hafa verið einfalt þar sem fyrir hafi legið bæði heimild fyrir viðbyggingunni í núverandi skipulagi sem og teikningar á sams konar breytingum á þremur sambærilegum húsum í sömu götu og hús sóknaraðila. Þá hafi varnaraðili gefið til kynna að hann hefði góða reynslu af svona verkefnum.

Sóknaraðili kveðst hafa greitt tvær innborganir til varnaraðila vegna verksins meðan á því stóð, þ.e. 260.000 krónur þann 13. október 2019 og 200.000 krónur þann 30. apríl 2020. Hafi varnaraðili sent sóknaraðila reikninga vegna þessara innborgana eftir á og í hvorugum þeirra hafi verið tilgreind fjárhæð tímagjalds eða áætlun á heildarkostnaði verks. Sóknaraðili hafi síðan fengið sendan reikning í kjölfar lokaúttektar 30. júlí 2022, útgefinn mánuði fyrr eða 30. júní 2022, að fjárhæð 1.396.497 krónur.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa haft samband við varnaraðila vegna reiknings, dags. 30. júní 2022, þar sem hann hafi talið kröfu varnaraðila of háa. Hafi sóknaraðili gert athugasemdir við umkrafið tímagjald sem og tímafjölda. Þá hafi sóknaraðili talið umkrafið gjald vegna skönnunar og ljósritunar of hátt auk þess sem engar skýringar var að finna hvað fælist í hönnunarstjórnun. Hafi varnaraðili engar skýringar gefið á reikningi þessum.

Sóknaraðili vísar til þess að varnaraðili hafi tvívegis óskað eftir greiðslu inn á verkið. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili gefið til kynna að umbeðnar innborganir væru nægjanlegar fyrir þegar unnu verki og með framhaldið. Sóknaraðili kveðst hafa sent varnaraðila tölvupósta, á meðan á verki stóð, með óskum um upplýsingar um frekari kostnað vegna verksins. Hafi varnaraðili ekki svarað fyrirspurnum sóknaraðila þess efnis.

Sóknaraðili telur varnaraðila hafa dregið verkið óeðlilega lengi og því hafi framkvæmdir á fasteigninni tafist verulega. Þá megi einnig rekja tafirnar til endurtekinna vandamála sem upp komu vegna rangra upplýsinga í teikningum varnaraðila en þær upplýsingar hafi legið skýrt fyrir í deiluskipulagi og í teikningum annarra húsa í hverfinu vegna sömu framkvæmda og sóknaraðili hugðist fara í. Þá hafi varnaraðili ekki ráðfært sig við sóknaraðila um endanlegt útlit glugga og hurða og hafi því þurft að breyta teikningum á ný. Hafi varnaraðili valdið sóknaraðila miklum ama sökum framangreinds auk þess að krefjast greiðslu fyrir vinnu sem fólst í því að bæta úr eigin mistökum. Sóknaraðili vísar jafnframt til þess að hafa sjálfur þurft að sinna töluverðri umsýslu gagnvart [...] þar sem varnaraðili hafi annað hvort ekki getað gert það eða ekki viljað sinna slíkri umsýslu. Sóknaraðili vísar til framlagðra tölvupósta hans við starfsmann borgarinnar en af þeim megi ráða að varnaraðili hafi ekki haft fullnægjandi þekkingu eða skilning á því verkefni sem hann hafi tekið að sér.

Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi tekið að sér að taka við tilboðum í sérteikningar fyrir sóknaraðila en síðan neitað að gefa sóknaraðila upplýsingar um tilboðin sem bárust, þ.e. um verð og frá hvaða aðilum tilboðin stöfuðu. Sóknaraðili hafi þó fallist á að [...] myndi sjá um sérteikningarnar, upprunalega aðeins vegna

burðarvirkis en síðar einnig lagnateikningar. Sóknaraðili vekur sérstaka athygli á því að hann hafi ekki vitað fyrirfram af því að þörf væri á aðkomu annars sérfræðings en varnaraðila að teikningum hússins. Varnaraðili hvorki upplýsti sóknaraðila um það né aukalegan kostnað sem fælist í því.

Sóknaraðili vísar til að verkið sem hann hafi upphaflega óskað eftir að varnaraðili ynni hafi á endanum verið smærra í sniðum. Í ágúst 2020 hafi sóknaraðili hætt við að leita eftir heimild til stækkunar á bílskúr og því hafi varnaraðili ekki afhent honum tilbúna teikningar af þeirri stækkun. Sóknaraðili telur því óeðlilegt að vera krafinn um greiðslu vegna vinnu við teikningar sem hann hafi aldrei fengið í hendur.

Sóknaraðili krefst þess að úrskurðað verði um hæfilegt tímagjald og sanngjarna þóknun til handa varnaraðila fyrir verkið miðað við eðli og umfang þess. Sóknaraðili kveðst hafa talið að hann hefði nánast fullgreitt fyrir verkið með áðurnefndum innborgunum. Varnaraðili hafi hvorki afhent sóknaraðila neina áætlun í verkið né upplýst hann um að til frekari greiðslu kæmi í kjölfar innborgana hans. Það hafi verið fyrst skömmu fyrir lokaúttektina í júlí 2022 sem varnaraðili hafi upplýst sóknaraðila að hann „væri með nokkra tíma“ sem hann hafi átt eftir að taka saman og krefjast greiðslu fyrir.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá nefndinni og hvorki skilað inn andsvörum né gögnum. Byggir því niðurstaðan á þeim upplýsingum og gögnum sem sóknaraðili hefur lagt fram í málinu.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) taka lögin til hvers kyns samninga um kaup á þjónustu sem veitt er neytendum í atvinnuskyni gegn endurgjaldi og þegar veitt þjónusta felur í sér:

1. vinnu við lausafjármuni,
2. vinnu við fasteignir, vinnu vegna byggingarframkvæmda eða aðrar framkvæmdir á landi,
3. geymslu á lausafjármunum,
4. ráðgjafarþjónustu sem veitt er í tengslum við 2. tölul.

Sóknaraðili óskaði eftir þjónustu varnaraðila við teikningar á viðbyggingu við fasteign sóknaraðila. Ágreiningur málsins heyrir undir gildissvið þkpl.

Sóknaraðili telur greiðslukröfu varnaraðila fyrir vinnu hans hafi verið mun hærrí en eðlilegt geti talist og krefst þess að reikningur varnaraðila verði lækkaður. Ekki verður ráðið af gögnum máls að aðilar hafi samið um verð fyrir þjónustuna fyrirfram. Þá liggur fyrir að sóknaraðili óskaði í tvígang eftir upplýsingum um kostnað varnaraðila án árangurs.

Samkvæmt 4. gr. þkpl. ber seljanda þjónustu að vinna verk af fagþekkingu og veita neytanda upplýsingar og leiðbeiningar um vinnu verks með hagsmuni neytanda fyrir augum. Í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpi til þkpl. segir um það hvað teljist fagþekking miðist við aðstæður hverju sinni en það hafi mikla

almenna þýðingu við mat á því hvernig til hefur tekist við framkvæmd verks og hvort seld þjónusta er gölluð eða ekki. Kröfur sem gerðar eru til fagþekkingar seljanda þjónustu hafa einnig áhrif á mat á því hvort leiðbeiningarskyldu hafi verið sinnt með fullnægjandi hætti, sbr. 6. gr. þkpl. Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. er seljanda þjónustu skylt að veita upplýsingar um hvort fyrirhuguð kaup á þjónustu eru óhagkvæm fyrir neytandann að teknu tilliti til kostnaðar við verkið með hliðsjón af verðgildi hlutarins eða öðrum atriðum sem áhrif hafa á hagkvæmni þeirrar þjónustu sem óskað er eftir. Meginsjónarmið að baki 4. og 6. gr. þkpl. er að koma í veg fyrir óvænt og ófyrirséð útgjöld neytanda. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður mun dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Í athugasemdum við ákvæðin í frumvarpi til þkpl. segir að ef neytandi hefur tekið ákvörðun sína um hvort vinna eigi verkið á grundvelli upplýsinga um verð og breytingar verði þar á geti neytandi þurft að endurskoða þá ákvörðun sína. Þá ber seljanda að tilkynna neytanda ef þjónustan verður verulega dýrari en neytandi hefur mátt gera ráð fyrir. Ef neytandi tekur ákvörðun um vinnu verks á grundvelli upplýsinga um verð ber seljanda að upplýsa hann um það ef verðið verður hærra en upphaflega lá fyrir. Meginreglan er sú að neytanda ber ekki að greiða hærri fjárhæð fyrir þjónustu en nemur því sem hann hefði þurft að greiða seljanda ef neytandi hefði hætt við verkið á grundvelli fullnægjandi upplýsinga af hálfu seljandans. Hnígi sterk rök til þess að neytandi hefði ekki óskað eftir þjónustunni, ef hann hefði fengið fullnægjandi upplýsingar um verðið, er neytanda heimilt að neita að greiða seljanda fyrir verkið að fullu. Samkvæmt 7. gr. þkpl. getur seljandi þjónustu, þrátt fyrir ákvæði 6. gr., krafist greiðslu vegna vinnu og útlagðs kostnaðar að svo miklu leyti sem það getur talist sanngjarnt.

Framangreint ákvæði 6. gr. þkpl. stefnir að sama markmiði og meginreglur sem mælt er fyrir um í lögum nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu ásamt reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna. Í 17. og 18. gr. laganna eru ákvæði um gagnsæi markaðarins. Þar er mælt fyrir um skyldu seljanda þjónustu að upplýsa um verð á þjónustu svo auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það á sölustað seljanda. Þá segir að Neytendastofa geti gefið fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði. Fyrirmælin geta falist í skyldu til að tilgreina verð, viðskiptakjör, gæði og aðra eiginleika og hvernig vara skal mæld, vegin og flokkuð. Reglur um verðupplýsingar við sölu á þjónustu, nr. 860/2013, hafa verið settar á grundvelli framangreindra laga. Þar segir í 3. gr. að skylt sé að gefa upp verð fyrir þjónustu með endanlegu söluverði í íslenskum krónum. Ef annar kostnaður bætist við söluverðið þarf að taka það sérstaklega fram. Í 3. mgr. 4. gr. segir ef verð fyrir þjónustuna er háð breytingum og ómögulegt er að gefa upp endanlegt verð fyrirfram skal tilgreina hæsta og lægsta mögulega verð. Í þeim tilvikum skal einnig greina frá því hvernig verðið er reiknað út. Þá skal verð á þjónustu innihalda efniskostnað, eftir því sem við getur átt, sbr. 4. mgr. 4. gr. reglnanna.

Kærunefndin telur miðað við framkomin gögn að varnaraðili hafi ekki gætt að þessari upplýsingaskyldu sinni. Þrátt fyrir það telur kærunefndin að sóknaraðila beri að greiða varnaraðila fyrir verkið með hliðsjón af því sem sanngjarnt þykir samkvæmt 6. og 7. þkpl. Verður þá að taka tillit til hve mikil og hvers eðlis vinnan var, sbr. 28. gr. þkpl.

Í 28. gr. þkpl. er fjallað um verðlagningu í þjónustukaupum þegar aðilar hafa ekki samið um verð. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Hafi ekki verið samið um verð fyrir keypta þjónustu skal neytandi greiða það verð sem telja má sanngjarnt með hliðsjón af því hve vinnan er mikil og hvers eðlis hún er.“

Í ákvæðinu felst samkvæmt athugasemdum í frumvarpi til þkpl. að ef aðilar hafa ekki samið um verð skuli greiða það verð sem telja má sanngjarnt. Ef samið er um verk miðað við ákveðinn tímafjölda eða verðið er ákveðið miðað við efniseiningu ræðst verðið af því hversu margir tímar voru í raun unnir eða hversu mikið efni var notað. Verðið er þannig háð því hver þjónustan er og hve mikið og vel er unnið. Við mat á því hvort efnismagn og tímafjöldi séu hæfileg ber að miða við það sem yfirleitt tíðkast í greininni þegar sambærileg þjónusta er innt af hendi. Ef þjónusta tekur lengri tíma en ella vegna aðstæðna sem varða neytanda getur seljandi farið fram á hærri greiðslu.

Greiðslukrafa varnaraðila sundurliðast með þeim hætti í útgefnum reikningi dags. 30. júní 2022 að krafist er greiðslu fyrir vinnu við hönnun og teikningar vegna breytinga árið 2019 til 2021 í alls 49 klukkustundir með tímagjaldinu 17.000 krónur. Hafi kostnaður vegna þess þáttar verksins verið að fjárhæð 833.000 krónur auk virðisaukaskatts. Þá er tiltekið að vinna við deilimyndir og sérteikningar hafi tekið 12 tíma og kostnaður vegna þess þáttar því 204.000 krónur auk virðisaukaskatts. Vinna við breytingar á gluggum, hurðum og fleira auk umsýslu hafi tekið 16 tíma og kostnaður vegna þessa 272.000 krónur auk virðisaukaskatts. Loks kemur fram að vinna við umsýslu og skil á gögnum, vettvangskonun og innritun skjala í gæðavottunarkerfi hafi alls tekið 5 tíma og nemi því 85.000 krónum auk virðisaukaskatts. Þá er skráður kostnaður að fjárhæð 103.175 krónur auk virðisaukaskatts vegna skönnunar, ljósrita, skráningartöflu og hönnunarstjórnunar. Í reikningi er jafnframt tekið tillit til tveggja innborganna sóknaraðila, alls að fjárhæð 370.967 krónur án virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur af öllu framangreindu er að fjárhæð 270.290 krónur og alls nam umrædd greiðslukrafa varnaraðila því 1.396.497 krónum.

Undir rekstri málsins upplýsti sóknaraðili kæruneftndina að varnaraðili hafi þann 12. október 2022 sent sóknaraðila kreditreikning vegna framangreinds reiknings og gefið út nýjan reikning sama dag. Í hinum nýja reikningi hafi verið búið að færa inn eftirfarandi lýsingu á verkinu: „*Reyndarteikningar í rafrænt form af [...]. Teikn. hönnun, bætt við kvisti og útbyggingu til suðurs, þakglugga, ný bilageymsla. (Tekin út aftur). Breytingar á gluggum og hurðum, teikn. lagðara inn aftur. Sérteikningar, deilimyndir og umsýsla*“. Í umræddum reikningi hafi varnaraðili auk þess fært inn 18% afslátt af verkliðunum „*Hönnun & teikn v/breytinga 2019-2021*“, „*Deilimyndir, sérteikningar*“ sem og liðnum „*Breytingar, gluggar, hurðir o.fl. +umsýsla*“. Samtals krefst varnaraðili með reikningnum greiðslu eftirstöðva að fjárhæð 1.104.328 krónum. Við meðferð málsins upplýsti sóknaraðili kæruneftndina að umræddur reikningur væri enn ógreiddur.

Í málinu liggur ekki annað fyrir en að varnaraðili hafi fyrst afhent sóknaraðila sundurliðun kostnaðarmats við framkvæmdirnar þegar varnaraðili gaf fyrst út reikning vegna verksins þann 30. júní 2022. Þá verður ráðið af gögnum máls að sóknaraðili hafi ítrekað óskað eftir upplýsingum um kostnað varnaraðila af verkinu, meðan á því stóð, án þess að varnaraðili hafi brugðist við þeim óskum. Hins vegar hvílir sönnunarbyrði fyrir því að umkafið endurgjald varnaraðila hafi verið ósanngjarnt á sóknaraðila. Þann 5. júní síðastliðinn lagði sóknaraðili fram tilboð

fyrirtækisins [...] í sama verk og varnaraðili tók að sér fyrir sóknaraðila en sóknaraðili aflaði tilboðsins undir rekstri málsins. Er tilboðið svohljóðandi: „Til að leggja þetta fyrir byggingafulltrúa og fá þetta samþykkt, þarf grunnmynd, sneiðingar, útlit, afstöðumynd og skráningartöflu. Ég þyrfti að teikna upp núverandi hús, kostnaður við þetta yrði ca. 670.000 + vsk.“ Sóknaraðili bendir á að þegar framangreint tilboð sé skoðað verði að taka tillit til þess að aðstæður hafi breyst mjög frá árinu 2019 þegar aðilar máls sömdu um hið umþrætta verk. Hafi verðlag almennt hækkað mikið auk þess sem aukin þensla hafi átt sér stað í byggingamálum. Þá telur sóknaraðili að umrætt tilboð [...] sé jafnframt heldur hátt.

Að mati kærunevndarinnar er í framangreindu tilboði þó ekki tilgreindur kostnaður við alla þá vinnu sem jafnan er þörf á að framkvæma í verki sem þessu, t.a.m. kostnaður við hönnunarstjórnun og öflun og gerð sérteikninga. Verður því ekki unnt að leggja þá vinnu sem innfalin er í tilboðinu alfarið að jöfnu við vinnuna sem varnaraðili innti af hendi í þágu sóknaraðila.

Þá byggir sóknaraðili öðrum þræði á því að umkrafið tímagjald varnaraðila hafi verið of hátt. Telur kærunevndin ekkert fram komið um að umkrafið tímagjald varnaraðila að fjárhæð 17.000 krónur auk virðisaukaskatts sé of hátt enda hefur sóknaraðili ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings.

Sóknaraðili vísar einnig til þess að verkið hafi tafist óeðlilega lengi vegna endurtekinna vandamála sem upp hafi komið vegna rangra upplýsinga í teikningum varnaraðila. Þá hafi varnaraðili auk þess þurft að breyta teikningum vegna glugga og hurða fasteignarinnar enda hafi varnaraðili ekki ráðfært sig við sóknaraðila um endanlegt útlit þeirra áður en teikningarnar voru lagðar fram hjá borgaryfirvöldum. Í 12. gr. þkpl. kemur fram að bæti seljandi úr galla á þjónustu sem hann hefur innt af hendi er eingöngu heimilt að krefja neytanda um greiðslu fyrir þjónustu sem honum hefði borið að greiða ef hún hefði í upphafi verið innt af hendi rétt og gallalaus. Með tilliti til þessa og með hliðsjón af atvikum málsins eins og þau liggja fyrir nefndinni, þar sem varnaraðili hefur ekki nýtt rétt sinn til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, er fallist á kröfu sóknaraðila hvað þennan vinnulið varðar. Varnaraðila ber að lækka útgefinn reikning sinn dags. 12. október 2022 sem nemur umkröfðum kostnaði við framangreindar breytingar að fjárhæð 223.040 krónur auk virðisaukaskatts.

Unnt er að fallast á sjónarmið sóknaraðila að varnaraðila hafi borið að upplýsa sóknaraðila um fram komin tilboð í sérteikningar og óska eftir afstöðu sóknaraðila til þeirra. Hins vegar virðist sem þörf hafi verið á umræddum sérteikningum á burðarþoli og lögnum fasteignarinnar frá öðrum fagaðila en varnaraðila til að ljúka hinu umþrætta verki. Hefði því sóknaraðili alltaf þurft að stranda straum af kostnaði tengdum þessari vinnu. Greiðslukrafa vegna þessa vinnuliðar var samkvæmt reikningi varnaraðila 167.280 krónur auk virðisaukaskatts fyrir þá vinnu. Sóknaraðili hefur ekki lagt fram nein gögn sem varpa ljósi á að umræddur kostnaður sé ósanngjarn eða óeðlilegur og verður því ekki unnt að fallast á að varnaraðili beri að lækka greiðslukröfu sína sem þessum kostnaði nemur.

Í kvörtun sóknaraðila kemur jafnframt fram að hann telji óeðlilegt að vera krafinn um greiðslu vegna vinnu við teikningar á bílageymslu enda hafi sóknaraðili horfið frá því í ágúst 2020 að leita eftir heimild til stækkunar á henni. Í þessu samhengi bendir sóknaraðili á að varnaraðili hafi ekki afhent neinar teikningar af bílageymslunni en samkvæmt lýsingum í reikningi varnaraðila sé m.a. krafist greiðslu fyrir teikningu og hönnun nýrrar bílageymslu. Að mati kærunevndarinnar

hefur sóknaraðili þó ekki fært nægjanlegar sönnur á að umrædd vinna hafi ekki átt sér stað, jafnvel þó varnaraðili hafi ekki afhent teikningar af bílageymslu enda hætt við áform um bílageymslu um ári eftir að verkið hófst.

Með tölvupósti til kærunevndarinnar dags. 5. júní 2023 krafðist sóknaraðili þess að kærunevndin tæki tillit til þess í niðurstöðu sinni að sóknaraðili ætti ekki lengur kost á endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna vinnu varnaraðila frá hinu opinbera vegna dráttar varnaraðila á því að ljúka verkinu og gefa út reikning vegna þess. Kærunevndin telur umrædda kröfu of seint fram komna. Hafi sóknaraðila þar að auki getað takmarkað tjón sitt og nýtt sér umrædd úrræði stjórnvalda með því að greiða kröfu varnaraðila dags. 30. júní 2022 með fyrirvara um réttmæti hennar og krefjast endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna verksins en sú endurgreiðsluheimild féll úr gildi frá og með 1. júlí 2022.

Með hliðsjón af öllu framangreindu ber varnaraðila að lækka útgefinn reikning sinn dags. 12. október 2022 um 223.040 krónur auk virðisaukaskatts.

V **Úrskurðarorð**

Varnaraðila, Y, ber að lækka greiðslukröfu sína á hendur sóknaraðila, X, um 223.040 krónur auk virðisaukaskatts.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunevnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunevnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson